



Nefndasvið Alþingis
Þórunn María Bjarkadóttir nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1864
komudagur 25.3.2008


Seltjarnarnesi, 18. mars 2008
2008030125/91/SG/gh

Efni: Frumvarp til laga um brottfall laga nr. 14/1942 um læknaáð

Fullyrða má, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, að aðstæður hafa breyst mjög á þeim 66 árum frá því lög um læknaáð voru sett. Dómsstólar leita mun oftast beint til sérfræðinga en áður enda er aðgangur að þeim auðveldur. Þekkingu innan læknisfræði hefur fleygt mjög fram á þessum árum og því ekki hægt að ætlast til þess lengur, með djúpstæðri virðingu fyrir læknaáðsmönnum, að þeir hafi á reiðum höndum þá þekkingu og reynslu sem nýst geta í dómum sínum, þó svo hafi verið áður. Reyndar hefur dregið mjög úr starfsemi læknaáðs á undanförunum árum. Jafnframt hefur Hæstiréttur fjallað um hæfi læknaáðsmanna í dómum sínum, auk þess sem úrskurður Mannréttindadómstóls Evrópu frá því í júlí 2007 tekur af allan vafa um að starfshættir læknaáðs standist ekki lengur kröfur um hæfi. Því er orðið nauðsynlegt að fella nefnd lög úr gildi og er landlækir mjög sammála því.

Nú liggja tvö mál fyrir ráðinu sem vænta má að lokið verði í apríl og er mælt til þess að lögin taki ekki gildi fyrr en læknaáð hefur endanlega lokið störfum sínum um nefnd mál.

Virðingarfyllst,


Sigurður Guðmundsson
landlæknir